



Reykjavík, 8. apríl 2024

MSS24040042

Borgarráð

### **Tillögur vegna aðalfundar Orkuveitu Reykjavíkur.**

Boðað hefur verið til aðalfundar í Orkuveitu Reykjavíkur miðvikudaginn 17. apríl 2024 í samræmi við 5. gr. sameignarsamnings félagsins sem gerður er á grundvelli 5. gr. laga um Orkuveitu Reykjavíkur nr. 136/2013. Í samræmi við lið 4.4 í Almennri eigandastefnu Reykjavíkurborgar þarf samþykki borgarráðs til beitingar réttinda eigandafyrirsvars vegna framlagðra tillagna.

Eftirfarandi tillögur verða lagðar fram til afgreiðslu á aðalfundi OR:

4. Ákvörðun um arðgreiðslur til eigenda OR og um aðra meðferð hagnaðar eða taps Orkuveitu Reykjavíkur á reikningsárinu.
5. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir liðið starfsár.
6. Lýsing á kjöri stjórnar.
7. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfélags

Lagt er til að tillaga nr. 4 verði samþykkt án þess fyrirvara sem þar er lagður til. Arðgreiðsla verði því allt að fjárhæð 6.000 milljónir króna eða tæplega 2,3% af eigin fé í árslok 2023 og 94% af hagnaði ársins.

Lagt er til að tillögur nr. 5 og 7 verði samþykktar. Varðandi tillögu 6 þá leggur tilnefningarnefnd Reykjavíkurborgar fram tilnefningar í kjör stjórnar og varastjórnar Orkuveitu Reykjavíkur fyrir borgarráð.

Málið er trúnaðarmál fram yfir aðalfund Orkuveitu Reykjavíkur sem haldinn verður 17. apríl 2024.

Einar Þorsteinsson  
borgarstjóri

Hjálagt:  
Fundargögn aðalfundar Orkuveitu Reykjavíkur 2024



**Reykjavík**

Reykjavík, 2. apríl. 2024

Til eigenda og stjórnarmanna OR.

## Efni: Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur 2024

Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur verður haldinn miðvikudaginn 17. apríl 2024 kl. 9:00. Fundurinn verður haldinn að Bæjarhálsi 1.

Dagskrá aðalfundar OR:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi OR síðastliðið starfsár.  
[Frá formanni stjórnar](#)
2. Ársskýrsla um umhverfismál, samfélagsmál, stjórnhætti og fjárhag OR 2023.  
[Ársskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur 2023](#)
3. Ársreikningur OR 2023 ásamt skýrslu ytri endurskoðanda fyrirtækisins lagður fram til staðfestingar.

[Worksheet in 22001 Orkuveita Reykjavíkur - samstæða 31.12.2023 \(overcastcdn.com\)](#)

4. Ákvörðun um arðgreiðslur til eigenda OR og um aðra meðferð hagnaðar eða taps Orkuveitu Reykjavíkur á reikningsárinu.

*Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir að gera tillögu til aðalfundar um arðgreiðslu allt að fjárhæð 6.000 milljónir króna eða tæplega 2,3% af eigin fé í árslok 2023 og 94% af hagnaði ársins.*

*Felur tillagan einnig í sér að arðgreiðsla að fjárhæð 4.000 milljónir króna er gerð án fyrirvara en útgreiðsla 2.000 milljóna króna er háð hagfelldri niðurstöðu óvissuþátta til samræmis við greinargerð.*

*Tillagan felur í sér að fjárhagsleg skilyrði eru uppfyllt fyrir og eftir arðgreiðslu samkvæmt fjárhagsspá yfir tímabilið 2023-2025.*

5. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir liðið starfsár.

*Með vísan í c. lið greinar 4.2 starfskjarastefnu Orkuveitu Reykjavíkur, þar sem kemur fram að þóknun stjórnar skuli taka mið að þeirri ábyrgð sem á stjórnarmönnum hvílir, þess tíma sem varið er til stjórnarstarfa og að teknu tilliti til almennrar þróunar launa innan og utan OR, leggur starfskjaranefnd til að laun stjórnarmanna hækki í samræmi við nýafstaðna kjarasamninga en þar hækkuðu laun um 3,25% en 23.750 kr. að lágmarki. Þar sem stjórnarstörf eru aukastörf þykir eðlilegt að stjórnarlaun hækki um 3,25%. Samkvæmt því nemi stjórnarlaun aðalmanna 217.493 (voru 210.647, 2023) íslenskum krónum mánuði en varamanna helming þeirrar fjárhæðar fyrir hvern fund. Ef stjórnarfundir eru fleiri en einn í mánuði skal greitt sérstaklega fyrir hvern aukafund, sem er haldinn umfram reglubundna stjórnarfundu skv. starfsáætlun stjórnar, sem nemur fjórðungi af mánaðarlegum stjórnarlaunum aðalmanna. Ekki verði greitt fyrir fleiri en sjö aukafundi á hverju starfsári.*

*Laun stjórnarformanns skulu nema tvöföldum launum stjórnarmanna.*

6. Lýsing á kjöri stjórnar.

*Handhafar eigendavalds upplýsi um ákvarðanir um kjör stjórnarfólks, sbr. 6. gr. sameignarsamnings.*

7. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.

*Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að leggja til við aðalfund að Grant Thornton endurskoðunarfyrirtæki verði kosið endurskoðunarfélag Orkuveitu Reykjavíkur árið 2024.*

8. Umræður um önnur mál, löglega upp borin.

Samkvæmt 5. gr. sameignarsamnings OR er aðalfundur opinn kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnnum eigenda og fjölmiðlum. Tillögu- og atkvæðisrétt á aðalfundi hafa handhafar eigendavalds OR. Málfrelsi á aðalfundi hafa fulltrúar í sveitarstjórnnum eigenda, stjórn OR, forstjóri, endurskoðendur OR og eigenda og formaður Starfsmannafélags OR.

Samkvæmt 6. gr. sameignarsamnings OR skal stjórn OR skipuð sex mönnum, fimm kjörnum af borgarstjórn Reykjavíkur og einum kjörnum af bæjarstjórn Akraness. Borgarstjórn Reykjavíkur kýs formann og varaformann stjórnarinnar úr hópi fulltrúa Reykjavíkurborgar. Sveitarstjórn Borgarbyggðar skal heimilt að tilnefna einn áheyrnarfulltrúa í stjórn með málfrelsi og tillögurétt.

Varamenn, jafnmargir, skulu kjörnir á sama hátt og aðalmenn. Kjörtímabil stjórnarinnar er eitt ár í senn, frá aðalfundi OR á viðkomandi ári til aðalfundar á næsta ári.

Sveitarstjórnir skulu skv. framangreindu hafa gengið frá kjöri stjórnar fyrir aðalfund, sbr. 6. lið dagskrár aðalfundar.

**Virðingarfyllst,**

**Gylfi Magnússon,**  
stjórnarformaður